

Forsætisnefnd

Breyting á viðauka 1.1. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist erindi frá umhverfis- og skipulagssviði þar sem óskað er eftir því að borgarstjórn samþykki breytingu á viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna gildistöku nýrra umferðarlaga. Orðalagi c-liðar 1. gr. viðaukans er breytt til samræmis við ný umferðarlög sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Þess er óskað að forsætisnefnd vísi tillögunni til meðferðar borgarstjórnar sem tekur hana tvisvar til umræðu. Að lokinni síðari umræðu í borgarstjórn skal hún send til staðfestingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og til birtingar í Stjórnartíðindum.

Helga Björk Laxdal
skrifssotfustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Breyting á viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.